



Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja

Skógarbraut 945 • 235 Reykjaneshæ • www.hes.is • sími 420 3288

STARFSLEYFI

til að reka aðveitustöð (SAN-A)

Nafn leyfishafa: **HS Veitur hf**
Starfsstöð: **Ofan Bjarmalands, 245 Suðurnesjabær**
Kennitala: **431208-0590**
Skilyrði: **fyrir stórar spennistöðvar og almenn skilyrði fyrir mengandi starfssemi.**

Útgáfudagur leyfis: **11.04.2022**

Gildir til: **11.04.2034**

Leyfið er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Við útgáfu starfsleyfa og starfsleyfisskilyrða er unnið er samkvæmt viðmiðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða í samræmi við starfsleyfisskilyrði sem um starfsemina gilda hverju sinni.

Breytingar á húsnæði, framleiðslu, rekstri eða tækjabúnaði skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema að nýr rekstraraðili sæki sérstaklega um annað. Ef starfsemi er hætt skal tilkynna það til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra, ef mengun er meiri en búast mátti við, ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða ef fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna. Endurskoðun starfsleyfisskilyrða fer samkvæmt ákvæðum í gr. 14 í reglugerð nr. 550/2018.

Fyrirtækið skal greiða eftirlits- og starfsleyfisgjöld skv. gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja


J. Trausti Jónsson